

## Fréttabréf Viðskiptaráðs – 23. október 2009

---

### Morgunverðarfundur með seðlabankastjóra

Föstudaginn 6. nóvember stendur Viðskiptaráð fyrir árlegum morgunverðarfundum í tilefni útgáfu Peningamála Seðlabanka Íslands. Aðalræðumaður á fundinum verður Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, og í kjölfar fer fram pallborðsumræða með fulltrúum atvinnulífs. Meðal þeirra sem þar taka til máls verða Þórður Friðjónsson, forstjóri NasdaqOMX Ísland og Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP.

Stefna og aðgerðir Seðlabanka Íslands skipta allt atvinnulíf á Íslandi verulegu máli og verður erindi seðlabankastjóra því án efa áhugavert. Þetta á ekki síst við í ljósi fregna þess efnis að efnahagsáætlun Íslands verði endurskoðuð í næstu viku hjá AGS. Verði endurskoðunin samþykkt fæst aðgangur að öðrum hluta af lánaþingreiðslu AGS í lok mánaðar en þá opnast jafnframt fyrir aðgang að fyrsta fjórðungi lánaþingreiðslu Norðurlandanna og Póllands. Fari svo aukast líkur á vaxtalækkun þann 5. nóvember næstkomandi sem og að Seðlabankinn hefji afléttingu gjaldeyrishafta, t.a.m. á erlendum fjárfestingum hingað til lands.

Fundurinn hefst kl. 8:15 og stendur til kl. 10:00 á Hilton Reykjavík Nordica (Salur H/I). Fundargjald er kr. 3.500 með morgunverði. Fundurinn er öllum opin.

Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

Skráning fer fram [hér](#).

### Athyglisverður fundur um hlutverk lífeyrissjóða í endurreisninni

Ríflega 80 manns sóttu morgunverðarfund Viðskiptaráðs undir yfirskriftinni *Hlutverk lífeyrissjóða í endurreisninni* á Hilton Reykjavík Nordica í gær. Markmið fundarins var að ræða opinskátt og fordómalaust hugmyndir sem fjöldi aðila hefur lagt fram á undanförunum vikum og mánuðum er varða aðkomu sjóðanna að endurreisnarstarfinu. Framsögumenn voru Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar, Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða og Frosti Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, flutti opunarávarp. Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, stýrði fundi og pallborðsumræðu.

Helstu punktar frá fundinum eru:

- **Fjármálaráðherra** fagnaði því að athygli skyldi beint að þessu málefni og sagði mikilvægt að allar hugmyndir væru ræddar. Að hans mati þyrfti að umgangast styrk lífeyrissjóðanna með gát og að ekki mætti hrófla við grunntilgangi þeirra. Þá sagði ráðherra hugmyndir um aðkomu lífeyrissjóðanna að Icesave eiga rétt á sér, enda mætti lækka verulega vaxtauppsöfnun fyrir ríkissjóð og slík fjárfesting gæti verið á álitlegum kjörum fyrir lífeyrissjóðina.
- **Benedikt Jóhannesson** fjallaði um kosti og galla skattlagningar iðgjalda, sem hann taldi álitlegan kost til að brúa hallann á tekjuhlið ríkissjóðs án þess að draga úr kaupgetu almennings. Þá lagði Benedikt fram frekari tillögur að því hvernig brúa mætti hallann með sem minnstri röskun fyrir heimili og atvinnulíf.
- **Hrafn Magnússon** fagnaði umræðunni og sagði frumskyldu lífeyrissjóðanna, þ.e. að standa vörð um hag sjóðsfélaga sinna, alls ekki útiloka hlutverk sjóðanna í endurreisn atvinnulífsins. Í þeim efnum væru sjóðirnir einkum að horfa á atvinnuskapandi og helst sjálfbær verkefni á vegum hins opinbera. Hafa þyrfti hins vegar í huga að uppspretta fjármagns sjóðanna væri takmörkum háð.
- **Frosti Ólafsson** sagði fulla þörf á opinni og málefnanlegri umræðu um þátttöku lífeyrissjóða í endurreisninni sem hann taldi geta verið umfangsmeiri en rætt hefur verið. Nefndi Frosti þar m.a. aðkomu sjóðanna að Icesave málinu t.a.m. með láni til ríkisins. Slík aðgerð myndi fela í sér mikinn ímyndarlegan ávinning, eyða óvissu og svo gæti hún reynst arðbær fjárfesting fyrir sjóðina. Þá sagði Frosti að lífeyrissjóðakerfið væri ekki afmarkaður þátttakandi í hagkerfinu, heldur réðist styrkur þess af undirliggjandi hagrænum þáttum. Hagsmunir þess, hins opinbera, atvinnulífs og einstaklinga væru þannig samofnir og því væri þörf á umræðu sem þessari, þar sem hagsmunir heildarinnar yrðu hafðir að leiðarljósi.
- **Í kjölfar framsöguerinda** spunnust umræður um hlutverk lífeyrissjóðanna og var því m.a. velt upp hvort sjóðirnir gætu komið að eignarhaldi á Landsvirkjun í stað ríkisins. Framsögumenn tóku vel í þá hugmynd og töldu hana skoðunarverða

Frekari umfjöllun um fundinn má nálgast [hér](#).

Glærur Benedikts má nálgast [hér](#).

Glærur Hrafns má nálgast [hér](#).

Glærur Frosta má nálgast [hér](#).

Skoðun Viðskiptaráðs má nálgast [hér](#).

### Sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar snúa að framtíðinni

Tómas Már Sigurðsson og Finnur Oddsson fjölluðu um mannabreytingar hjá ráðinu, stöðu þess og verkefni næstu missera í viðtali í Fréttablaðinu laugardaginn 17. október síðastliðinn.

Í máli forsvarsmanna Viðskiptaráðs kom fram að þó viðbúið væri að einhverjar breytingar fylgdu mannaskiptum þá stæði ráðið fyrir ákveðin grunnildi sem stæðu óhögguð og hafa sjaldan átt ríkari erindi til ráðamanna. Þessi grunnildi verða sem fyrr í forgrunni í verkefnum ráðsins á næstunni, en þau lúta að bættu rekstrarumhverfi íslensks atvinnulífs og aðhaldi gagnvart ríkisvaldinu. Þar er margt undir, en að þeirra áliti eru mikilvægustu og skilvirkustu aðgerðirnar fyrir íslensk fyrirtæki þær sem leiða til

sterkara gengis og lægri vaxta.

Sögðu þeir ráðið fagna málefnanlegri gagnrýni á hugmyndir og útgáfur þess, enda ætti umræðan í þjóðfélaginu að vera gagnrýnin og opinská. Mikilvægt væri þó að komast úr þeim hjólförum sem umræðan vill falla í og horfa fram á við með það að markmiði að lágmarka skaðann, enda snúi sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar að framtíðinni.

Viðtalið má nálgast [hér](#).

Blaðið í heild má nálgast [hér](#). (bls. 12)

### **Þjartsýni í vikulok**

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Ferðaþjónustan mun afla um 150 ma. kr. í erlendum gjaldeyri á þessu ári** eða sem nemur 400 mkr. dag hvern, skv. tilkynningu frá Samtökum ferðaþjónustunnar.
- **Um 70% Íslendinga eru hlyntir fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi** skv. nýlegri könnun Capacent Glacier.
- **Háskólinn í Reykjavík býður uppá innritun nemenda um áramót vegna fjölda fyrirspurna og óska**, en þetta er í annað skipti sem skólinn tekur inn nemendur í allar deildir um áramót.
- **Öll meginskilyrði fyrir endurskoðun AGS á efnahagsáætlun Íslands eru uppfyllt** að mati sendinefndar sjóðsins hérlendis, sem gerir ráð fyrir að Ísland fái aðgang að öðrum hluta af lánaþingreiðslu sjóðsins í lok mánaðar en þá opnast aðgangur að fyrsta fjórðungi lánaþingreiðslu Norðurlandanna og Póllands.
- **Mörg stórfyrirtæki víða um heim eru þessa daganna að skila af sér góðu uppgjöri** fyrir þriðja ársfjórðung, en þar má nefna Morgan Stanley, Deutsche Bank, Yahoo, Apple, Daimler, Amazon.com, BSKyB og Credit Suisse.
- **Litlar líkur eru á greiðslufalli ríkissjóðs** ef endurgreiðsluferill innlendra og erlendra lána sjóðsins næstu árin er skoðaður, skv. greiningardeild Íslandsbanka.
- **Lausafjárræppunni á evrusvæðinu virðist lokið**, en eftirspurn evrópskra banka eftir lausafé hjá Seðlabanka Evrópu hefur ekki verið minni frá árinu 2003.
- **Íslenskir aðilar halda áfram að sækja fram á erlendum vettvangi**, en Mannvit verkfræðistofa hefur undirritað samstarfssamning um þróunarverkefni á sviði jarðhitanýtingar í Bandaríkjunum og hópur íslenskra fjárfesta undirbýr stofnun flugfélags í Litháen.
- **Velta með íslensk skuldabréf sló ársmetið í vikunni** sem var um 21 ma. kr.

- **Væntar endurheimtur á skuldabréfum Kaupþings verða að öllum líkindum hærrí en reiknað var með**, að mati Saga Capital. Þá hefur eignarhlutur Kaupþings í Storebrand fjórfaldast í verði frá því fyrir ári.
- **Íslenskt efnahagslíf fer að rétta úr kútnum á fyrsta ársfjórðungi næsta árs** skv. hagspá hagdeildar ASÍ.
- **Aflaverðmæti íslenskra skipa hefur aukist um tæpa 11 ma. kr.** á fyrstu sjö mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra, eða um tæp 20%.
- **Beint frá býli – Félag heimavinnsluaðila hlaut fjöregg MNÍ** í vikunni fyrir áræði til að auka verðmæti afurða sinna.

Góða helgi.